

## INNFLUTNINGUR HUNDA FRÁ LANDI ÞAR SEM HUNDAÆÐI ER HALDIÐ VEL Í SKEFJUM

Eftirfarandi eru leiðbeiningar um innflutning hunda til Íslands frá eftirfarandi viðurkenndum útflutningslöndum þar sem hundaæði finnst en er haldið vel í skefjum (lönd í 2. fl., viðauka I við reglugerð nr. 200/2020): Bandaríkin, Grænland, Kanada, Litháen, Pólland, Rúmenía, Serbía, Singapore, Tyrkland, Tæland.

- Innflutningsleyfi útgefið af MAST skal liggja fyrir áður en hundurinn er fluttur til landsins.
- Uppfylla skal **öll** innflutningsskilyrðin. Innflytjandi ber ábyrgð á að innflutningsskilyrði séu uppfyllt.
- Séu skilyrði ekki uppfyllt getur það haft þær afleiðingar að hundurinn verði sendur úr landi eða aflífaður.
- Dýralæknir sem hefur læknisleyfi í útflutningslandi skal framkvæma allar lækni meðferðir sem uppfylla þarf vegna innflutnings, hvort sem um ræðir bólusetningar, sýnatökur, meðhöndlunir eða heilbrigðisskoðun.
- Eingöngu það vottorðseyðublað (D2) sem útgefið er af MAST vegna innflutnings er tekið gilt.
- Útfyllt vottorð ásamt fylgiskjölum með áritun opinbers dýralæknis skal sent til MAST 5-10 dögum fyrir innflutning til samþykkis.
- Berist tilskilin gögn Matvælastofnun síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaðan komudag er stofnuninni heimilt að synja innflutningi dýrs.
- Leiðbeiningar þessar byggja á [reglugerð nr. 200/2020 um innflutning hunda og katta](#).

### FYRSTU SKREF

1. Afla upplýsinga um innflutningsskilyrði; viðurkennd útflutningslönd og heimilaðar hundategundir.
2. Fá tíma hjá dýralækni og leggja drög að innflutningsundirbúningi. Afla upplýsinga hjá dýralæknayfirvöldum í útflutningslandi varðandi opinbera áritun gagna.
3. Staðfesta örmerki hundsins eða láta örmerkja hann.
4. Sækja um innflutningsleyfi.
5. Gera ráðstafanir varðandi einangrun

### EKKI SEINNA EN 120 DÖGUM (UM FJÓRUM MÁNUÐUM) FYRIR INNFLUTNING

6. Hundaæði - bólusetning og mótefna mæling.

### EKKI SEINNA EN 6 VIKUM FYRIR INNFLUTNING

7. Hundainflúensa - bólusetning. Skilyrði fyrir hunda frá [Bandaríkjunum, Kanada og Singapore](#).
8. Leptóspírúsýking, hundafár, smáveirusótt, smitandi lifrabólga, parainflúensa – bólusetning.

### ÞEGAR FYRIRHUGUÐ INNFLUTNINGSDAGSETNING LIGGUR FYRIR

9. Gera ráðstafanir varðandi flutning til landsins.

### Í FYRSTA LAGI 30 DÖGUM FYRIR INNFLUTNING (ÆSKILEGT 21-28 DÖGUM FYRIR INNFLUTNING)

10. *Brucella canis* – sýnataka.
11. *Leishmania* spp - sýnataka (blóð- eða vefjasýni). Skilyrði fyrir ógelda hunda.
12. *Angiostrongylus vasorum* (hjarta-/lungnaormur) - sýnataka (ef sýnataka er valin en ekki meðhöndlun)

### Í FYRSTA LAGI 28 DÖGUM OG Í SÍÐASTA LAGI 21 DEGI FYRIR INNFLUTNING

13. Sníkjudýr - fyrri meðhöndlun gegn innvortis og útvortis sníkjudýrum. Og meðhöndlun gegn *Angiostrongylus vasorum* ef sýnataka fór ekki fram.

### Í FYRSTA LAGI 10 DÖGUM OG Í SÍÐASTA LAGI 5 DÖGUM FYRIR INNFLUTNING

14. Sníkjudýr - seinni meðhöndlun gegn inn- og útvortis sníkjudýrum
15. Heilbrigðisskoðun og útgáfa heilbrigðis- og upprunavottorðs vegna innflutnings
16. Áritun opinbers dýralæknis.
17. Heilbrigðis- og upprunavottorð (skannað afrit) sent MAST til samþykkis fyrir innflutning.

### INNFLUTNINGSDAGUR:

18. Flutningur til Íslands.
19. Innflutningseftirlit og flutningur í einangrunarstöð.

<p><b>1. Afla upplýsinga um innflutningsskilyrði; viðurkennd útflutningslönd og heimilaðar hundategundir.</b>  <b>Hvenær: áður en útflutningsferli hefst.</b></p>
<p>a) Hundurinn skal hafa dvalið í viðurkenndu útflutningslandi frá fæðingu eða í a.m.k. 6 mánuði.  b) Ganga þarf úr skugga um að viðkomandi hundategund sé heimil til innflutnings (sjá bls. 6).</p>
<p><b>2. Fá tíma hjá dýralækni og leggja drög að innflutningsundirbúningi. Afla upplýsinga hjá dýralæknaþyrirvöldum.</b>  <b>Hvenær: áður en hundurinn fer í bólusetningar, sýnatökur eða meðhöndlun vegna innflutnings.</b></p>
<p>a) Æskilegt er að sá dýralæknir sem mun sjá um undirbúning vegna innflutnings fái tíma til að kynna sér skilyrðin ef gera þarf sérstakar ráðstafnir t.d. vegna sýnataka eða bólusetninga.  b) Innflytjandi skal afla upplýsinga um dýralæknaþyrirvöld í útflutningslandi og ráðstafanir sem gera þarf vegna áritunar heilbrigðis- og upprunavottorðs (sjá lið 15)</p>
<p><b>3. Staðfesta örmerki hundsins eða láta örmerkja hann.</b>  <b>Hvenær: áður en hundurinn fer í bólusetningar, sýnatökur eða meðhöndlun vegna innflutnings.</b></p>
<p>a) Hundurinn skal örmerktur með örmerki sem uppfyllir ISO staðla.  b) Hundurinn skal örmerktur áður en meðhöndlun eða sýnataka með tilliti til innflutnings fram.  c) Örmerkisnúmer skal staðfest í hvert sinn sem meðhöndlun eða sýnataka vegna innflutnings fer fram.</p>
<p><b>4. Sækja um innflutningsleyfi.</b>  <b>Hvenær: Innflutningsleyfi gildir í eitt ár. Æskilegt er að umsókn berist MAST tímanlega fyrir innflutning.</b></p>
<p>a) Umsókn skal send í gegnum þjónustugátt Matvælastofnunar. Hægt er að skrá sig inn í þjónustugátt með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Nota skal umsókn nr. 2.15 og skrá allar umbeðnar upplýsingar.  b) Æskilegt er að umsókn berist Matvælastofnun a.m.k. 30 sólarhringum fyrir fyrirhugaðan innflutning.  c) Lágmarksupplýsingar vegna umsóknar um innflutningsleyfi</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1) Hundategund</li> <li>2) Útflutningsland</li> <li>3) Örmerkisnúmer</li> <li>4) Nafn, kennitala og heimilisfang innflytjanda.</li> </ol> <p>d) Greiða skal eftirlitsgjald vegna innflutnings hunda að upphæð kr. 37.400. Greiðslubeiðni er send umsækjanda þegar umsókn hefur borist. Gjald þetta er vegna umsýslu en einnig vegna innflutningseftirlits við komu hundsins á Keflavíkurflugvelli og við útskrift úr einangrunarstöð.  e) Þegar greiðsla hefur borist Matvælastofnun er innflutningsleyfi gefið út.  f) Númer innflutningsleyfis skal skráð á heilbrigðis- og upprunavottorð hundsins sem gefið er út áður en hann er fluttur til landsins.</p>
<p><b>5. Gera ráðstafanir varðandi einangrun.</b>  <b>Hvenær: Tímanlega fyrir innflutning.</b></p>
<p>a) Hundar skulu dvelja að lágmarki 14 daga í einangrun.  b) Innflytjandi skal sjálfur sækja um pláss í einangrunarstöð. Á Íslandi eru 2 samþykktar einangrunarstöðvar fyrir hunda og ketti:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1) Einangrunarstöðin í Reykjanesbæ (Höfnum) – <a href="http://www.einangrun.is">www.einangrun.is</a> – s. 421 6949 / 893 6949</li> <li>2) Einangrunarstöðin Mósél (Hellu) – <a href="http://www.allirhundar.is">www.allirhundar.is</a> – s. 892 3457</li> </ol> <p>c) Öll dýr sem dvelja samtímis í einangrunarstöð skulu innrituð á 3-5 daga tímabili. Upplýsingar um komudaga/innritunardagsetningar má finna á vefsíðu viðkomandi stöðvar.  d) Taka þarf mið af heilbrigðisskilyrðum (tímafrestum o.p.h) þegar innflutningsdagsetning er ákvörðuð  e) Vakni grunur um alvarlegan smitsjúkdóm í dýri í einangrun er Matvælastofnun heimilt að framlengja dvalartími, ýmist allra dýra eða eingöngu þess dýrs sem við á og fer það eftir eðli smitefnis.</p>
<p><b>6. Hundaeði - bólusetning og mótefnaþæling.</b>  <b>Hvenær: Í síðasta lagi 120 dögum (bólusetning) og 90 dögum (mótefnaþæling) fyrir innflutning.</b></p>
<p>a) Hundar skulu hafa gilda bólusetningu gegn hundaeði, þ.e. hafa hlotið viðeigandi grunnbólusetningu og henni viðhaldið skv. leiðbeiningum framleiðanda bóluefnisins.  b) Skrá skal eftirfarandi upplýsingar um síðustu gildu bólusetningu í heilbrigðis- og upprunavottorð; heiti bóluefnis, dagsetningu bólusetningar og gildistíma.  c) Bólusetningin skal vera í gildi, þ.e. ekki runnin út þegar mótefnaþæling er framkvæmd.  d) Mótefnaþæling er blóðsýni þar sem mótefni gegn hundaeði eru mæld og með þeim hætti er bólusetningin staðfest.  e) Blóðsýni vegna mótefnaþælingar skal tekið í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu.</p>

- f) Mótefnaþmæling skal framkvæmd af rannsóknarstofu sem viðurkennd er af Evrópusambandinu í þessum tilgangi ([https://ec.europa.eu/food/animals/pet-movement/approved-labs\\_en](https://ec.europa.eu/food/animals/pet-movement/approved-labs_en)).
- g) Mótefni skulu mælast að lágmarki **0,5 a.e./ml** (0,5 IU/ml)
- h) Flytja má hundinn til Íslands í fyrsta lagi 90 dögum (um þremur mánuðum) eftir blóðsýnatöku vegna mótefnaþmælingar með fullnægjandi niðurstöðu.
- i) Niðurstaða mótefnaþmælingar gildir svo lengi sem bólusetningu er viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- j) Rannsóknarniðurstaða skal skráð í heilbrigðis- og upprunavottorð og frumrit rannsóknarskýrslu skal fylgja vottorði.
- k) Rannsóknarskýrsla skal vera á ensku og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar; heiti rannsóknarstofu, örmerkisnúmer hunds, dagsetningu blóðsýnatöku og niðurstöðu rannsóknar.

**7. Hundainflúensa - bólusetning. Skilyrði fyrir hunda frá Bandaríkjunum, Kanada og Singapore.  
Hvenær: Athuga í síðasta lagi 6 vikum fyrir innflutning.**

- a) Hundar sem fluttir eru inn frá Bandaríkjunum, Kanada eða Singapore skulu hafa gilda bólusetningu gegn hundainflúensu (canine influenza virus), þ.e. hafa hlotið viðeigandi grunnbólusetningu og henni viðhaldið skv. leiðbeiningum framleiðanda bóluefnisins.
- b) Síðasta bólusetning gegn hundainflúensu skal hafa farið fram a.m.k. 14 dögum fyrir innflutning.
- c) Skrá skal eftirfarandi upplýsingar um síðustu gildu bólusetningu í heilbrigðis- og upprunavottorð; heiti bóluefnis, dagsetningu bólusetningar og gildistíma.

**8. Leptóspírúsýking, hundafár, smáveirusótt, smitandi lifrabólga, parainflúensa - bólusetningar.  
Hvenær: Athuga í síðasta lagi 6 vikum fyrir innflutning.**

- a) Hundar skulu hafa gilda bólusetningu gegn eftirfarandi sjúkdómum, þ.e. hafa hlotið viðeigandi grunnbólusetningu og henni viðhaldið skv. leiðbeiningum framleiðanda bóluefnisins.
  - 1) **Leptóspírúsýking** (leptospirosis)
  - 2) **Hundafár** (canine distemper)
  - 3) **Smáveirusótt** (canine parvovirus)
  - 4) **Smitandi lifrabólga** (infectious canine hepatitis)
  - 5) **Parainflúensa** (canine parainfluenza)
- b) Síðasta bólusetning gegn ofangreindum sjúkdómum skal fara fram í síðasta lagi 14 dögum fyrir innflutning.
- c) Skrá skal eftirfarandi upplýsingar um síðustu gildu bólusetningar í heilbrigðis- og upprunavottorð; heiti bóluefnis, dagsetningu bólusetningar og gildistíma.

**9. Gera ráðstafanir varðandi flutning til landsins.  
Hvenær: Tímanlega fyrir innflutning, þegar innflutningsdagsetning liggur fyrir.**

- a) Taka skal tillit til tímafresta vegna bólusetninga og mótefnaþmælingar þegar innflutningsdagsetning er ákvörðuð.
- b) Eingöngu er heimilt að flytja hunda til landsins með flugi.
- c) Keflavíkurflugvöllur er eini samþykkti innflutningsstaðurinn fyrir gæludýr.
- d) Ef millilenda þarf með hundinn á leiðinni frá útflutningslandi til Íslands, skal innflytjandi kanna hvaða innflutningsskilyrði gilda í viðkomandi landi og ganga úr skugga um að þau séu uppfyllt.
- e) Flugnúmer, komudag og komutíma skal skrá í heilbrigðis- og upprunavottorð. Svo og með hvaða hætti hundurinn verður fluttur (sem frakt eða farangur).
- f) Sé um að ræða þjónustuhund sem ferðast ásamt innflytjanda í farþgarými skal það tekið fram í heilbrigðis- og upprunavottorði svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna móttöku hundsins á Keflavíkurflugvelli.

**10. Brucella canis - sýnataka (blóðsýni)  
Hvenær: í fyrsta lagi 30 dögum fyrir innflutning (þörunarþann í 60 daga fyrir innflutning).**

- a) Æskilegt er að sýnataka fari fram tímanlega fyrir innflutning þar sem gera þarf ráð fyrir bið eftir niðurstöðum. Hentugt að nýta sömu dýralæknisheimsókn og fyrir fyrri sníkjudýrameðhöndlun (sja lið 13).
- b) Samþykktar rannsóknaraðferðir vegna *B. canis*:
  - IFAT
  - RSAT
  - TAT
- c) Niðurstaða skal vera neikvæð.

- d) Neikvæð rannsóknarniðurstaða skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorð og afrit rannsóknarskýrslu skal fylgja vottorði.
- e) Rannsóknarskýrsla skal vera á ensku og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar; heiti rannsóknarstofu, örmerkisnúmer hunds, dagsetningu blóðsýnatöku og niðurstöðu rannsóknar.
- f) Hundar skulu ekki parast í a.m.k. tvo mánuði (60 daga) fyrir innflutning. Umráðamaður hunds skal staðfesta þetta með undirskrift sinni á heilbrigðis- og upprunavottorði.

**11. *Leishmania* spp - sýnataka (blóð- eða vefjasýni). Skilyrði fyrir ógelda hunda.**

**Hvenær: í fyrsta lagi 30 dögum fyrir innflutning.**

- a) Æskilegt er að sýnataka fari fram tímanlega fyrir innflutning þar sem gera þarf ráð fyrir bið eftir niðurstöðum. Hentugt að nýta sömu dýralæknisheimsókn og fyrir fyrri sníkjudýrameðhöndlun (sja lið 13).
- b) Samþykktar rannsóknaraðferðir vegna *Leishmania* spp.:
  - PCR
  - ELISA
- c) Niðurstaða skal vera neikvæð.
- d) Neikvæð rannsóknarniðurstaða skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorð og afrit rannsóknarskýrslu skal fylgja vottorði.
- e) Rannsóknarskýrsla skal vera á ensku og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar; heiti rannsóknarstofu, örmerkisnúmer hunds, dagsetningu blóðsýnatöku og niðurstöðu rannsóknar.
- f) Sé niðurstaða jákvæð má flytja hundinn inn eftir geldingu.
- g) Gelding (þar sem kynkirtlar eru fjarlægðir) skal vottuð af dýralækni. Hormónagelding er ekki samþykkt.

**12. *Angiostrongylus vasorum* (hjarta-/lungnaormur) - sýnataka eða meðhöndlun.**

**Hvenær: sýnataka í fyrsta lagi 30 dögum fyrir innflutning eða meðhöndlun 5-10 dögum fyrir innflutning.**

- a) Vegna *A. strongylus* þarf annað hvort að taka sýni (blóðsýni/saursýni) til þess að ganga úr skugga um að hundurinn sé ekki smitaður eða láta meðhöndla hundinn gegn sýkingu. Það er undir innflytjanda komið hvor kosturinn er valinn.
- b) Um **sýnatöku** vegna *A. strongylus* gildir eftirfarandi:
  - 1) Sýni, blóðsýni eða saursýni, skal tekið í fyrsta lagi 30 dögum fyrir innflutning (æskilegt að sýnataka fari fram tímanlega fyrir innflutning, hentugt að nýta sömu dýralæknisheimsókn og fyrir fyrri sníkjudýrameðhöndlun, sja lið 13.).
  - 2) Samþykkt rannsóknaraðferð vegna *A. strongylus*:
    - Blóðsýni: ELISA, PCR
    - Saursýni: Baermann method.
  - 3) Niðurstaða skal vera neikvæð.
  - 4) Rannsóknarniðurstaða skal skráð í heilbrigðis- og upprunavottorð og afrit rannsóknarskýrslu skal fylgja vottorði.
  - 5) Rannsóknarskýrsla skal vera á ensku og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar; heiti rannsóknarstofu, örmerkisnúmer hunds, dagsetningu blóðsýnatöku og niðurstöðu rannsóknar.
- c) Um fyrirbyggjandi **meðhöndlun** gegn *A. strongylus* gildir eftirfarandi:
  - 1) Meðhöndlun skal fara fram 5-10 dögum fyrir innflutning.
  - 2) Meðhöndla skal með lyfi (blettunarlausn / spot-on) sem inniheldur imidacloprid og moxidectin, t.d. Advocate eða Advantage Multi

**13. Sníkjudýr - fyrri meðhöndlun gegn innvortis og útvortis sníkjudýrum.**

**Hvenær: 21-28 dögum fyrir innflutning.**

- a) Meðhöndlun skal ná til:
  - 1) innvortis sníkjudýra; þráðorma, bandorma og
  - 2) útvortis sníkjudýra; lúsa, flóa og stórmítla.
- b) Skrá skal eftirfarandi upplýsingar um sníkjudýrameðhöndlun í heilbrigðis- og upprunavottorð; heiti lyfja, dagsetningu lyfjagjafar og íkomuleið lyfja.

**14. Sníkjudýr - seinni meðhöndlun gegn inn- og útvortis sníkjudýrum.**

**Hvenær: 5-10 dögum fyrir innflutning.**

- a) Meðhöndlun skal ná til:
  - 1) innvortis sníkjudýra; þráðorma, bandorma og
  - 2) útvortis sníkjudýra; lúsa, flóa og stórmítla.

3) *Angiostrongylus vasorum* (ef sýnataka fór ekki fram). Sjá lið 12 c) um meðhöndlun.

- b) Skrá skal eftirfarandi upplýsingar um sníkjudýrameðhöndlun í heilbrigðis- og upprunavottorð; heiti lyfja, dagsetningu lyfjagjafar og íkomuleið lyfja.

#### 15. Heilbrigðisskoðun og útgáfa heilbrigðis- og upprunavottorðs vegna innflutnings.

**Hvenær: 5-10 dögum fyrir innflutning.**

- a) Heilbrigðisskoðun; dýralæknir skal staðfesta að dýrin séu án ytri sníkjudýra og einkenna smitsjúkdóma. Sérstök skoðun m.t.t. tunguorma (*Linguata serrata*), kláðamítla (*Sarcoptes scabiei* spp.) húðsveppa (*M. canis*, *M. gypseum*, *T. mentagrophytes* og *T. verrucosum*) og smitandi kynfæraæxla (CTVT).
- b) Heilbrigðis- og upprunavottorð (Certificate of health and origin for import of a dog)
- 1) Nota skal eyðublað **D2** - Certificate of health and origin for import of a dog to Iceland from a country where rabies is well controlled.
  - 2) Upplýsingar um innflytjanda og hund á vottorði skulu vera í samræmi við innflutningsleyfi.
  - 3) Allir reitir skulu fylltir út, dagsettir og undirritaðir þar sem við á.

#### 16. Áritun opinbers dýralæknis.

**Hvenær: eftir að heilbrigðis- og upprunavottorð hefur verið gefið út af dýralækni (liður 15) og í síðasta lagi 5 dögum fyrir innflutning.**

Opinber dýralæknir er dýralæknir sem er starfsmaður dýralæknayfirvalda í hverju landi eða starfar með fulltingi dýralæknayfirvalda. Hans hlutverk er að yfirfara vottorðið og staðfesta að réttmætar upplýsingar komi þar fram ásamt því að staðfesta fylgiskjöl (rannsóknarniðurstöður). Æskilegt er að haft sé samband við dýralæknayfirvöld í útflutningslandi tímanlega og leiðbeiningar fyrir opinbera dýralækna vegna áritunar heilbrigðis- og upprunavottorðs vegna innflutnings á hundi eða ketti til Íslands, lagðar fram.

#### 17. Heilbrigðis- og upprunavottorð (skannað afrit) sent MAST til samþykkis fyrir innflutning.

**Hvenær: 5-10 dögum fyrir innflutning og eftir að vottorðið hefur verið útfyllt og áritað (kafli 15 og 16).**

- a) Skannað afrit heilbrigðis og upprunavottorðs ásamt rannsóknarniðurstöðum sem við á skal sent MAST til yfirferðar og samþykkis.
- b) Gögnin skulu send sem viðhengi með tölvupósti til [petimport@mast.is](mailto:petimport@mast.is)
- c) Afrit vottorðsins skal berast MAST í síðasta lagi 5 dögum (sólarhringum) fyrir áætlaðan komudag.
- d) Berist gögnin síðar en 5 dögum (sólarhringum) fyrir áætlaðan komudag er stofnuninni heimilt að synja innflutningi.
- e) Gögn vegna innflutnings dýra eru yfirfarin á virkum dögum, á afgreiðslutíma MAST.
- f) Ef ekki eru gerðar athugasemdir við heilbrigðis- og upprunavottorð, er það undirritað og staðfest af MAST og tilkynning þess efnis send innflytjanda.

#### 18. Flutningur til Íslands.

- a) Hundar skulu vera í flutningsbúri sem er það stórt að þeir geti staðið í því, legið og snúið sér við. Búrið á að vera úr hörðu efni sem ekki getur fallið saman og sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Ef ekki er hægt að þrifa og sótthreinsa búrið verður því fargað að loknum innflutningi. Mjúk búr eða hundatöskur eru ekki leyfilegar. Nánar má sjá um kröfur til flutningsbúra fyrir gæludýr í reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra.
- b) Leyfilegur komutími dýra er á milli kl. 05:00 og 17:00 á fyrirfram ákveðnum komudögum. Ef óhjákvæmilegt er að senda hund til landsins með flugi sem lendir utan þess tíma felur það í sér talsverðan aukakostnað fyrir innflytjanda þar sem innflutningseftirlit verður þá framkvæmt utan venjulegs vinnutíma. Matvælastofnun veitir nánari upplýsingar.
- c) Eftirfarandi gögn skulu fylgja hundinum til Íslands (í umslagi sem límt er á búrið)
- 1) Innflutningsleyfi (má vera afrit)
  - 2) Frumrit heilbrigðis- og upprunavottorðs (vottorðsform **D2**)
  - 3) Frumrit (eða staðfest afrit) rannsóknarskýrslu vegna hundaæðismótefnaþælingar
  - 4) Frumrit (eða staðfest afrit) rannsóknarskýrslu annarra rannsókna (*B. canis*, *Leishmania* spp. *A. vasorum* ef við á)
  - 5) Tollskýrsla. Hafi eigandi átt dýrið skemur en 12 mánuði ber honum að greiða virðisaukaskatt af kaupverði dýrsins við innflutning. Innflytjendum er skylt að leggja fram tollskýrslu hjá tollstjóra, þ.á.m. vörureikning þar sem fram koma upplýsingar um nöfn og heimili seljanda og kaupanda, útgáfustað- og dag og hvenær sala fór fram. Ganga skal frá greiðslu áður en dýrið er útskrifað úr einangrun. Hafa skal samband við Miðlun hjá Icelandair Cargo ehf. en netfangið er

[tollskýrsla@icelandaircargo.is](mailto:tollskýrsla@icelandaircargo.is) . Hafi eigandi átt dýrið lengur en 12 mánuði gæti hann þurft að leggja fram gögn því til staðfestingar.

#### 19. Innflutningseftirlit og flutningur í einangrunarstöð.

Við komu til Keflavíkurflugvallar eru hundar fluttir rakleiðis í móttökustöð gæludýra þar sem innflutningseftirlit fer fram. Eftirlitið felst í því að sannreyna örmerkisnúmer hundsins, að öll tilskilin gögn fylgi og að hann hafi ekki augljós einkenni smitsjúkdóms. Komi upp athugasemdir við innflutningseftirlit er haft samband við innflytjanda símleiðis. Að loknu innflutningseftirliti eru hundar afhentir flutningsaðila viðkomandi einangrunarstöðvar sem flytur þá í einangrunarstöð.

#### ÓHEIMILL INNFLUTNINGUR

1. Hvolpafullar tíkur.
2. Tíkur með hvolpa á spena
3. Hundar sem hafa slasast eða undirgengist aðgerðir fyrir innflutning, allt fram að innflutningsdegi, og/eða þarfnast aukins eftirlits eða eftirmeðferðar af nokkru tagi, nema með sérstöku leyfi Matvælastofnunar.
4. Blendingar af úlfum og hundum í a.m.k. 10 ættliði.
5. Hundar af eftirfarandi tegundum, svo og blendinga af þeim í a.m.k. fimm ættliði:
  - a. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier.
  - b. Fila Brasileiro.
  - c. Toso Inu.
  - d. Dogo Argentino.
  - e. Aðrar hundategundir eða blendingar, samkvæmt rökstuddri ákvörðun Matvælastofnunar í hverju tilfalli.

Sem dæmi um hundategundir sem Matvælastofnun hefur synjað skv. ofangreindu eru tegundir sem eru skyldar þeim sem eru bannaðar. Vinsamlega leitið upplýsinga hjá stofnuninni ef vafi leikur á um hundategund sem fyrirhugað er að flytja inn.

Komi í ljós við komu dýrs til landsins að ákvæði a-e. liðar eigi við um hund sem fluttur hefur verið inn, fellur innflutningsleyfi úr gildi.

Matvælastofnun - Markaðsstofa (inn- og útflutningsmál) - Dalshrauni 1b, 220 Hafnarfirði - s. 530 4300  
Fyrirspurnir eða gögn vegna innflutnings hunda: [petimport@mast.is](mailto:petimport@mast.is)